



Starfsáætlun

Grunnskólans á Hólmavík

2019-2020

Hagnýtar upplýsingar

Grunnskólinn á Hólmavík
Skólabraut 20-22
510 Hólmavík

Sími: 451-3430
Netfang: grunnskoli@strandabyggd.is

Grunnskólinn á Hólmavík er einsetinn skóli með 43 nemendum í 1. - 10. bekk.
Skólastjóri Grunnskólans á Hólmavík er Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir. Hún er jafnframt skólastjóri tónlistarskólans. Staðgengill skólastjóra er Hrafnhildur Þorsteinsdóttir umsjónarmaður sérkennslu.

Skólinn í tölum; Nemendafjöldi

Skólaárið 2018-2019 eru 41 nemandi skráður í skólann.
Bekkur/Árgangur/Umsjónarkennari/Drengir/Stúlkur/Allir

1.bekkur	1	AEA	0	5	5
2. bekkur	2	AEA	1	2	3
3.bekkur	3	AEA	5	2	7
4.bekkur	4	KP	4	4	8
5.bekkur	5	KP	1	0	1
6.bekkur	6	KP	3	0	3
7.bekkur	7	LJ	4	1	5
8.bekkur	8	LJ	2	4	6
9.bekkur	9	LJ	1	1	2
10.bekkur	10	LJ	1	0	1

Samtals drengir: 22

Samtals stúlkur: 19

Samtals nemendafjöldi: 41

Nemendum fjölgaði á skólaárinu og voru orðnir 45 að vori

Fjöldi almennra kennslustunda

Almennar kennslustundir eru 30 í 1. - 4. bekk, 35 í 5. - 7. bekk, og 37 í 8. - 10. bekk í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Stöðugildi

Skólastjóri 100%	1
Kennari 2x100% + 70%+65%+55%	3,9
Skólabílstjóri/bókavörður/húsvörður 70%	0,7
Sérkennslustjóri 100%	1
Þroskaþjálfari 100% + 80%	1,8
Stuðningsfulltrúar 3x70%	2,1
Skólaliðar	2
Frístund 3x30% + 1x20%	1,1
Liðveisla 30%	0,3

Kynjahlutföll eru þannig að við skólann og í frístund 1.-4. bekkjar starfa (18) konur og (3) karlar.

Starfsmenn grunn- og tónskólans á Hólmavík 2019-2020

Við Grunn- og tónskólann á Hólmavík starfar samhentur hópur fólks með fjölbreytta reynslu og menntun. Allir stuðningsfulltrúar eru í hlutastarfi á móti starfi í frístund.

Starfsmenn:

Aldís Elín Alfreðsdóttir, leiðbeinandi/umsjón -aldis@strandabyggd.is

Ásdís Birna Árnadóttir, leiðbeinandi - asdis@strandabyggd.is

Ásta Þórisdóttir, grunnskólakennari - asta@strandabyggd.is

Barbara Ósk Guðbjartsdóttir - þroskaþjálfari - barbara@strandabyggd.is

Bragi Þór Valsson, tónlistarkennari - bragi@strandabyggd.is

Esther Ösp Valdimarsdóttir, grunnskólakennari - esther@strandabyggd.is

Guðbjörg H. Leaman, grunnskólakennari - didda@strandabyggd.is

Guðmundur Kr. Guðmundsson, stuðningsfulltrúi - gudmundur@strandabyggd.is

Halldóra Halldórsdóttir, stuðningsfulltrúi - halldora@strandabyggd.is

Helga Gunnarsdóttir, frístundastarfsmaður - helgagunn@strandabyggd.is

Henrike Stuehff, leiðbeinandi - henrike@strandabyggd.is

Hlíf Hrólfsdóttir, þroskaþjálfari - hlif@strandabyggd.is

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri - skolastjori@strandabyggd.is

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, umsjónarmaður sérkennslu- hrafnhildur@strandabyggd.is

Ingibjörg Elísa Fossdal, skólaliði/ritari - ingafoss@strandabyggd.is

Kolbrún Þorsteinsdóttir, grunnskólakennari - kolbrun@strandabyggd.is

Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir, stuðningsfulltrúi - helgai@strandabyggd.is

Lára Jónsdóttir, leiðbeinandi/umsjón - lara@strandabyggd.is

Sigrún María Kolbeinsdóttir, skólaliði/ritari - runamaeja@strandabyggd.is

Svanur Kristjánsson, bókavörður/skólabílstjóri - svanur@strandabyggd.is

Vera Ósk Steinsen, tónlistarkennari - vera@strandabyggd.is

Unnsteinn Árnason, skólabílstjóri, verktaki - unnsteinn@strandabyggd.is

Starfsmenn í leyfi:

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Grunnskólans á Hól mavík birtist á heimasíðu skólans og er hægt að finna [hér](#). Starfsmannastefnan verður framvegis endurskoðuð annað hvort ár, næst 2020.

Móttaka nýrra starfsmanna

Tilgangurinn með móttökuáætlun er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Á hverju hausti skal halda kynningu fyrir nýja starfsmenn. Móttökuáætlun birtist í heild sinni á vefsíðu skólans og má skoða [hér](#). Um kynninguna sjá: Skólastjóri, sérkennslustjóri, trúnaðarmaður kennara/starfsmanna, verkefnastjóri tölvumála og umsjónarmaður fasteignar.

Viðtalstími kennara og annars starfsfólks

Viðtalstímar kennara og annars starfsfólks eru eftir samkomulagi. Hægt er að panta viðtalstíma í síma 451 3430 eða með tölvupósti sem sendur er viðkomandi kennara eða starfsmanni.

Starfsmannaviðtöl

Kennarar fá eyðublað um skráningu á símenntun/starfsþróun afhent í ágúst. Starfsmannaviðtöl fara fram í mars og er gert ráð fyrir þeim í fundaaætlun kennara og starfsmanna. Farið er yfir skjal um starfsþróun í mars. Að öðru leyti eru starfsmannaviðtöl eftir samkomulagi.

Ráðningarsamningar

Gerðir eru ráðningarsamningar við allt starfsfólk og skrifað undir í tvíriti. Hver starfsmaður fær annað frumritið og skólinn hitt. Afrit af samningi er varðveitt hjá launafulltrúa. Gengið er frá ráðningarsamningum á starfsdögum í ágúst eða þegar starfsmaður er ráðinn.

Vinnuyfirlit

Gert er vinnuyfirlit, skjal fyllt út fyrir allt starfsfólk skólans. Vinnuskýrsla kennara og fylgiskjal ráðningarsamnings almennra starfsmanna. Starfsmaður fær annað frumrit og skólinn varðveitir hitt. Gengið er frá þessu á starfsdögum í ágúst eða þegar starfsmaður er ráðinn.

Trúnaðarmenn og öryggisvörður

Trúnaðarmaður KÍ. er kosinn til tveggja ára að hausti. Núverandi trúnaðarmaður er Kolbrún Þorsteinsdóttir, varatrúnaðarmaður er Hrafnhildur Þorsteinsdóttir. Öryggistrúnaðarmaður/öryggisvörður er Svanur Kristjánsson, til vara Barbara Guðbjartsdóttir..

Skóladagatal

Skóladagatal er að finna á vefsíðu skólans, [hér](#)

Uppbrotisdagar

Skipulag á uppbrotsdögum.

Á Litlu jólum er skipulag þannig að kennslu lýkur klukkan 11:30, en þá er hádegisverður. Á litlu jólum er dagskrá á sviði sem áður er undirbúin af hverri bekkjardeild. Umsjónarkennarar stýra þeirri vinnu með aðkomu annars starfsfólks og kennara. Nemendur í 7. bekk sjá um að kynna skemmtiatriði. Nemendur í 10. bekk sjá um að jólasveinar mæti á staðinn og skreyta jólatréð. Gengið er í kringum jólatréð og hljómsveit starfsfólks skólans Grunntónn sér um undirleik. Litlu jól standa frá klukkan 13:00 - 15:00. Að þeim loknum halda nemendur heim eða ljúka deginum í frístund.

Íþróttahátíð er haldin í janúar, hún hefur verið með ýmsum hætti, oftast hafa nemendur boðið foreldrum til leiks í íþróttahúsi síðdegis. Áhersla er lögð á heilbrigði og hollustu og sameiginlega hreyfingu.

Starfs- og skólakynning í 10. bekk fer þannig fram að nemendur í 10. bekk velja sér vinnustaði utan héraðs og fara í starfskynningu á sitt hvorn staðinn í þrjá daga og í heimsóknir í framhaldsskóla í tvo daga. Starfs- og skólakynning í 10. bekk stendur yfir í viku í janúar. Á sama tíma fer 9. bekkur í tveggja daga starfskynningu á heimaslóðum. Umsjónarkennari hefur samband við væntanlega vinnustaði og viðtökuskóla og heldur utan um skipulag kynninganna.

Ferðir að Laugum og í Reykjaskóla eru farnar annað hvort ár í viku í senn og er farið sama árið á báða staði. Kennari fer með hópunum og stuðningsfulltrúi ef þess gerist þörf.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk er haldin sameiginlega með skólunum á Reykhólum og Drangnesi og skipt á milli staða. Keppnin verður haldin á Hólmavík þetta árið.

Viðtalsvikur verða 4.-8. nóvember, 17.-21. febrúar og 25.-29. maí. Nemendur og foreldrar mæta saman í viðtal að kennslu lokinni á milli 14:30-16:00. Viðtöl eru 15-20 mínútur. Sé þörf á lengri tíma koma viðmælendur sér saman um hann. Áhersla hefur verið á líðan og lestur á fyrsta foreldrafundi. Leiðsagnarmat er notað í samræmi við breytta kennsluhætti.

Útivistardagur: Er alltaf eftir sumardaginn fyrsta. Allir nemendur og starfsfólk fer þá saman í einhvers konar útivist. Hefur verið með ýmsu móti, sleðar/skíði, skautar, gönguferð, sund. Margir nemendur fara að jafnaði á Andrésar andarleikana á Akureyri og útivistardagurinn er ætlaður til að gefa þeim sem heima sitja tækifæri til að njóta útivistar.

Umhverfisdagur: Er þemadagur umhverfisins og þá er sett upp dagskrá með fræðslu og/eða leik sem tengist umhverfinu. Oft er öðrum skólum boðið að taka þátt eða foreldrum, eldri borgurum eða öðru fólki á svæðinu. Á þessum degi er áhersla á að skila einhverju af sér til umhverfisins.

Hvorki var farið að Laugarvatni eða í Reykjaskóla vegna Covid 19 og vinnu við uppsetningu á leikriti sem rakst á við tímasetningu.

Stóra upplestrarkeppnin var haldin á Hólmavík í maí, var áður frestað vegna aðstæðna í samfélaginu covid 19. Keppnin verður á Drangnesi 2021.

Skertir dagar, fyrirkomulag

Stofujól: Síðasti dagur fyrir jól. Nemendur mæta í skólann klukkan 11:00 með kerti, litlar gjafir og eitthvert góðgæti. Róleg stund í hverri bekkjardeild, nemendur fá kort með jólakveðju frá bekkjarfélögum, umsjónarkennari sér um stofujól. Stofujólum lýkur klukkan 12:00 og um leið hefst jólafrí.

Öskudagur: Kennslu lýkur klukkan 12:20. Að því loknu fara nemendur í mat og eru eftir það í frístund eða á vegum foreldra að ganga um bæinn og syngja. Hefð er fyrir öskudagsballi foreldrafélagsins þar sem kötturinn er sleginn úr tunnunni.

Vordagur: Er dagur með leikjadagskrá og grilli sem stendur yfir frá klukkan 10:00. Keppt er um sterkasta nemanda skólans, grillaðar pylsur og djús í boði og spákona/maður mætir á svæðið. Allir eru velkomnir en nemendum leikskólans er sérstaklega boðið.

Nemendur tóku ákvörðun um að sporna við sóun og ákváðu að gefa eitthvað sem þau áttu fyrir í gjafir á stofujólum.

Á öskudegi fer Frístund í leikskóla þar sem verður sameiginlegur föndurdagur.

Fastir fundir og fundaráætlun

Þriðjudagar klukkan 14:30-16:00. Faglegt starf

Faglegt starf - teymisvinna. Námsvísagerð–skólanámskrá, vinna að sprotaverkefninu stærðfræði til framtíðar. Fjölbreyttir, einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í forgrunni.

Þri. 16. okt. Samráð allra kennara hvarrar bekkjardeildar með umsjónarmönnum sérkennslu og skólastjóra. Umsjónarmaður sérkennslu stjórnar fundi. Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa og lestrarprófa - horft á framfarir hvers nemanda. Viðmið um árangur er að öllum nemendum fari fram á milli prófa. Lausna og leiða leitað sé það ekki.

Þri. 5. feb. Samráð allra kennara hvarrar bekkjardeildar með sérkennara og skólastjóra - leiðir og lausnir. Umsjónarmaður sérkennslu stjórnar fundi. Niðurstöður samræmdra prófa og lestrarprófa - horft á framfarir hvers nemanda. Viðmið um árangur er að öllum nemendum fari fram milli prófa. Lausna og leiða leitað sé það ekki.

Miðvikudagar klukkan 14:30-16:00 Kennarafundir eða viðvera.

Kennarafundir eru fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði.

Annan og fjórða hvern miðvikudag vinna kennarar að gerð námsvísa og kennsluáætlana, undirbúningi og frágangi kennslu, skipulagi uppbrotsdaga og viðburða.

Fim.. 16.ág.Farið yfir starfsáætlun. Kynningarfundur fyrir nýja starfsmenn.

Fös. 17.ág. Farið yfir samfelldan dag barna í 1. - 10. bekk.

pri. 21. ág. Farið yfir aðferðir í agastefnu sem tekur mið af jákvæðum aga. Trúnaðaryfirlýsing. Mið 22.ág. Skólasetning kl 17:00 í skólanum. Foreldrar mæta með nemendum. Nemendur fara með umsjónarkennurum í stofur, nýir nemendur boðnir velkomnir klukkutíma fyrr.

4. sep. Kennarafundur –Undirbúningur kynningarfunda fyrir foreldra. Kosningar. Kosningar allir starfsmenn

- Trúnaðarmaður KÍ, trúnaðarmaður kosinn annað hvert ár, verkvest/fosvest
- Öryggistrúnaðarmaður/öryggisvörður
- Skólaráð tveir fulltrúar kennara annað hvert ár (oddatala)
- Skólaráð einn fulltrúi annars starfsfólks annað hvert ár
- Fræðslunefnd áheyrnarfulltrúi
- Stjórn starfsmannafélags þrjú fulltrúar starfsmanna
- Umhverfisnefnd skólans einn fulltrúi starfsfólks, einn fulltrúi kennara.

Grænfáninn kynning á starfinu.

18. sep. Kennarafundur - Undirbúningur fyrir samræmd próf í 4. – 7. bekk.

2. okt. Kennarafundur - Fara yfir spurningalista og viðmið um nám og kennslu.

16. okt. Kennarafundur - Yfirfærsla verkefna frá verkefnissjóra. Fræðsluferð í júní 2020

23. okt. Viðvera, grænfáninn - kynning frá Sorpsamlagi. Innra mat - fara yfir spurningalista og matslista GGÓ. Þættir 4-5-6.

30 okt. Kennarafundur. Farið yfir árangur í lestri og samræmdum prófum. Viðmið um framfarir að allir nemendur sýni framfarir milli prófa. Viðbrögð ef svo er ekki.

- Samskipti, félagsleg staða áætlun um aðgerðir. Innra mat Matslistar GGÓ um einstaklingsmiðað nám

6. nóv - Samskiptavika, ekki aðrir fundir

13. nóv. Viðvera - Námsmat

20. nóv. Kennarafundur - Inna mat, námsmat

4.des. Starfsmannafundur Undirbúningur fyrir litlu jól og síðustu daga fyrir jól.

11. des Viðvera

18. Des Starfsmannafundur skýrsla um innra mat 2020

2.jan. Starfsdagur. Jákvæður agi. Námsvísar. Undirbúningur

9.jan. Viðvera, umbótaáætlun. Farið yfir viðmið um innra mat á námi og kennslu

15.jan. Kennarafundur – skipulag starfs og skólakynninga í 9. -10. bekk

29.jan. Samráð allra kennara hverrar bekkjardeildar með sérkennara og skólástjóra - leiðir og lausnir. Sérkennari stjórnar fundi. Niðurstöður samræmdra prófa og lestrarprófa - horft á framfarir hvers nemanda. Viðmið um árangur er að öllum nemendum fari fram milli prófa. Lausna og leiða er leitað sé það ekki.

5. feb. Kennarafundur - Félagsleg staða nemenda, umbótaáætlun

12. feb. Viðvera. Skipulag samskiptaviku og öskudags/þemadags.

17.-21. Febrúar Samskiptavika, ekki aðrir fundir.

1.- 15. mars starfsmannaviðtöl. Einstaklingsviðtöl skólástjóra við hvern starfsmann.

4.mar Skipulagsdagur Jákvæður agi, innra mat

18.mar Kennarafundur

1.apr. Kennarafundur

15. apr. Kennarafundur - Undirbúningur útivistardags,

22. apr. Viðvera Námsmat

- 4. maí Skipulagsdagur - námsmat, umhverfisdagur, útikennsla
- 6. maí Kennarafundur -Umhverfisdagur, útikennsla, námsmat
- 13. maí viðvera - Námsmat
- 20. maí Kennarafundur - námsmat, sjálfsmat
- 25.-29. maí Samskiptavika, ekki aðrir fundir.
- 3. júní - Kennarafundur - Umbótaáætlun sjálfsmat.

Starfsmannafundir - áætlun

- Fim. 15.- 16. ág. Starfsmannafundir
- Mán. 19. ág. Fræðsludagur á Drangnesi
- Þri. 20-21. ág. Undirbúningur og skólasetning
- Fös. 6.sep. Skipulagsdagur- námskeið Jákvæður agi
- Fös. 11.okt. Starfsmannafundur. Félagsleg staða nemenda.
- Mið. 30.okt Starfsmannafundur. Fundur vegna sameiningar leik og grunnskóla
- Mið. 7.nóv –Starfsmannafundur Inna mat
- Mið 5.des. Starfsmannafundur allir.
- Mið. 18.des Litið fram á veginn.
- Þrið. 3. jan starfsdagur Jákvæður agi, skýrsla um innra mat
- Mið. 6.feb. Starfsmannafundur Jákvæður agi
- 1.- 15. mars starfsmannaviðtöl. Einstaklingsviðtöl við hvern starfsmann.
- 4.mars Skipulagsdagur Starfsmannafundur öskudagur
- Mið. 20.mars Starfsmannafundur - Undirbúningur fyrir árshátíð
- Mán. 4. Maí Starfsmannafundur-Undirbúningur fyrir útikennslu og hreyfidaga.
- Mán 4.jún-6.jún. Starfsmannafundir, teymisfundir -frágangur vorskýrslna.
- 6.-11. júní Fræðsluferð til Finnlands. Heimsókn í skóla í þéttbýli og dreifbýli.

Fimmtudaga klukkan 14:30-16:00

Fundir hvers sérkennsluteymis eru á upp. fimm vikna fresti. Teymisfundi sitja umsjónarmaður sérkennslu, umsjónarkennari og stuðningsfulltrúi auk foreldra og stundum nemanda, tólmstundafulltrúa og skólastjóra. Umsjónarmenn sérkennslu stjórna fundum. Fyrstu fundir hvers sérkennsluteymis eru að jafnaði á starfsdögum í ágúst.

Samráðsfundir bekkjardeilda og fleira klukkan 8:05-8:25

- Þriðjudaga - 7.-10. bekkur
- Þriðjudaga - 10:30-11:00 sérkennsla
- Miðvikudaga - jóga/hugleiðsla
- Fimmtudaga - 8:05-8:25 4.-6 bekkur
- Fimmtudaga - 13:00-13:20 Frístund og skólastjóri
- Föstudaga - örnámskeið, starfsfólk skiptist á að vera með fræðslu fyrir hvert annað.

Allar fundaáætlanir breyttust á covid tímanum og öll áhersla fór þá á að vinna sem allra best úr ástandinu. Skipulagning, fræðsla og upplýsingatækni réð ferðinni á þeim tíma.

Fundaáætlun fræðslunefndar

Fundir fræðslunefndar eru 9 sinnum á ári. Skólaár 2019-2020 eru fundir 9. ágúst, 6. september, 4. október, 8. nóvember, 7. febrúar, 7. mars, 4. apríl, 9. maí, 6. Júní.

Starfsdagar að vori

Kennarar ganga frá vorskýrslum og þeim safnað í ársskýrslu skólans. Form fyrir vorskýrslur er í sameiginlegu skjali kennara og skólastjóra.

Kennarar og stuðningsfulltrúar fara yfir einstaklingsnámskrár með sérkennara og ganga frá sérkennsluskýrslu. Teymisfundir í lok árs.

Facebook

Tveir Facebook hópar eru virkir og tengjast skólastarfinu beint. Annar inniheldur allt starfsfólk skólans, kennarar og aðrir starfsmenn sem tengjast börnunum.

Hinn hópurinn tengist samfelldum degi barnsins. Skólastjóri og tólmstundafulltrúi ásamt foreldrum og starfsmönnum sem koma að samfellunni fyrir 1.-4. bekk.

Teymisvinna - faglegt starf

Gerð námsvísa og skólanámskrár og innleiðing fjölbreyttra kennsluhátta, matsviðmiða, hæfniviðmiða og fjölbreytts námsmats. Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í forgrunni. Google classroom.

Sérstakar áherslur

Skólaárið 2019-2020 verður lögð áhersla á að ljúka við gerð námsvísa og birta þá í skólanámskrá á heimasíðu. Vinna kennsluáætlanir fyrir allar greinar og hefja markvissa sjálfsmatsvinnu byggða á sjálfsmatsáætlun skólans. Innleiðing jákvæðs aga með námskeiðum. Vinna að sprotaverkefni Stærðfræði til framtíðar og samstarf við Strandagaldur. Góð félagsleg samskipti verða áfram sett á oddinn og samskiptaáætlun gerð.

Halda þarf áfram vinnu við gerð námsvísa og kennsluáætlana. Námsmat var þróað áfram í námsmatsskjal og vegabréf hvers nemanda birt nemendum og foreldrum.

Skipulag skólans

Stjórnskipulag skólans og skipurit

Skipurit Grunn- og tónskólans á Hól mavík má finna [hér](#).

Nýtt skipurit var samþykkt fyrir sameinaðan leik-, grunn- og tónskóla

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahlald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

<http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2017/06/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>

Skólaráð Grunnskólans á Hólmavík

Skólaráð Grunnskólans á Hólmavík er samráðsvettvangur skólasamfélagsins um skólahlald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar t.d. um skóladagatal, skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun og aðrar áætlanir sem gerðar eru um skólastarfið.

Skólaráð fær til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar sem kunna að verða á skólahlaldi og starfsemi skólans áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist einnig almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Fundargerðir Skólaráðs eru birtar eftir hvern fund hér á vefsíðu skólans.

Fulltrúar í skólaráði

Verður uppfært í október 2019

Fulltrúar nemenda: Kjósa þarf nýja fulltrúa.

Fulltrúar foreldra: Kjósa þarf nýja fulltrúa

Fulltrúar kennara: Lára Jónsdóttir og Ásdís Birna Árnadóttir. Varamaður: Kolbrún Þorsteinsdóttir.

Fulltrúi almennra starfsmanna: Svanur Kristjánsson. Varamaður: Hlíf Hrólfsdóttir.

Fulltrúi grenndarsamfélags: Nicole Krysiak.

Funda- og starfsáætlun skólaráðs Grunnskólans á Hólmavík

September. Funda- og starfsáætlun skólaráðs rædd og uppfærð ef þörf þykir. Starfsáætlun skólans yfirfarin og athugasemdir teknar fyrir. Kennslufyrirkomulag útskýrt. Fyrirkomulag kynningarfunda og viðtala kennara, foreldra og nemenda yfirfarið og rætt. Mötuneytismál. Frístund í 1.-4. bekk kynnt.

Október Skólanámskrárvinna yfirfarin og rædd. Foreldrafélag, kynna samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun. Heimanám, starfshættir nemendaverndarráðs, fjárhagsáætlun. Framkvæmdamál.

Nóvember. Námsmarkmið skólans m.t.t. aðalnámskrár, framkvæmd agastefnu, nemendafélag, hagsmunamál nemenda.

Desember. Sérfræðiþjónusta, námsaðlögun, kennsluaðferðir, niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa. Námsmat.

Janúar. Staða list- og verkgreinakennslu, starfsþróunaráætlun, starfsmannastefna. Staða framkvæmda við skólann.

Febrúar. Stundaskrárrammi næsta vetrar, valgreinar, starfsmannauglýsingar skóladagatal næsta vetrar.

Mars. Viðmiðunarstundaskrá, niðurstöður starfsmannasamtala. Námsmat. Samstarf heimila og skóla.

Apríl. Innritun nemenda, ráðningar starfsmanna, forvarnaráætlun, skólareglur, umhverfisstefna, niðurstöður kannana.

Mái. Sjálfsmatsáætlun. Skipan bekkjardeilda og starfsmannateyma næsta vetrar, skólahúsnæði og skólalóð, öryggi og aðbúnaður, innkaup námsgagna, matsvinna.

Júní. Ársskýrsla, drög að starfsáætlun og skóladagatali næsta árs.

Skólaráð fór ekki af stað 2019-2020 en setja þarf allan kraft í að setja af stað sameinað öflugt skólaráð 2020-2021. Mikilvægt að setja dagsetningar á fundi skólaráðs. Bæta úr því 2020-2021

Kennsluskipan

Stundaskrár nemenda eru settar upp í namfus.is og aðgengilegar nemendum og foreldrum þar.

Samkennsla árganga

Skólaárið 2019-2020 verður samkennsla sem hér segir:

- 1.-3. bekkur,
- 4.-6. bekkur,
- 7.-10. Bekkur

Tímamagn

- 1.-4. bekkur 30 kestim
- 5.-7. bekkur 35 kestim
- 8.-10. bekkur 37 kestim

Almenn kennsla 102 + 6 skiptitímar í íþróttum þar af 1 með leikskóla + 4 skiptitímar í nýsköpun og hönnun = 112

Sérkennsla í bekk, veri eða einstaklingskennsla 30 + 26 + 13

Tilhögun kennslu, kennsluaðferðir og kennsluáætlanir allra árganga

Kennarar vinna að gerð námsvísa út frá grunnþáttum menntunar með áherslu á samþættingu námsgreina og hæfnimiðað nám. Hverjum námsvísi er skipt upp í sex tímabil yfir skólaárið þar sem einn grunnþáttur menntunar er útgangspunktur hverju sinni (heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, læsi, sköpun, sjálfbærni, jafnrétti). Hverju tímabili fylgir svo ítarleg kennsluáætlun þar sem gerð er grein fyrir viðfangsefninu, samþættingu námsgreina, hæfniviðmiðum námskrár, fjölbreytni í kennsluaðferðum sem og skipulagi náms og námsmats.

Ráðgjafi Tröppu vinnur með kennarahópi á þriðjudögum á fjarfundi til að fara yfir stöðu sprotaverkefnisins Stærðfræði til framtíðar.

Eftir því sem skipulagið liggur fyrir verður það kynnt nemendum, foreldrum og skólasamfélaginu öllu og er markmiðið að haust 2019 verði námsvísar hvers stigs birtir á heimasíðu skólans. Veturinn 2019-2020 verða allir námsvísar birtir í sama formi.

Birta námsvísa, kennsluáætlanir og grunnskjal að vegabréfi nemenda á heimasíðu

Markmið og viðmið um árangur samræmdra prófa.

Markmið Grunnskólans á Hólmarvík er að öllum nemendum fari fram á milli samræmdra prófa í 4., 7. og 9. bekk. Það er viðmið um góðan árangur að hverju barni fari fram við reglubundnar mælingar. Þetta á einnig við um niðurstöður lestrarprófana sem fara fram í september, janúar og maí. Fari nemendum ekki fram eru gerðar sérstakar áætlanir um hvernig brugðist skal við í hverju tilfelli.

Viðmiðunarstundaskrá

Stundaskrár nemenda:

Nemendur í 1.-4. bekk hafa 30 kennslustundir á stundaskrá, sem skiptast þannig skv. aðalnámskrá eftir námsgreinum á mínútur á viku: íslenska 240, erlend tungumál 80, list- og verkgreinar 160, náttúrugreinar 120, skólaíþróttir 120, samfélagsgreinar 120, stærðfræði 240, upplýsinga- og tæknimennt 40 - samþætt öðrum greinum, heimilisfræði 40 samþætt öðrum greinum eða kennd í lotu

Nemendur í 5.-7. bekk hafa 35 kennslustundir á stundaskrá sem skiptast þannig skv. aðalnámskrá eftir námsgreinum á mínútur á viku: íslenska 240, erlend tungumál 240, list og verkgreinar 160, náttúrugreinar 120, skólaíþróttir 120, samfélagsgreinar 160, stærðfræði 240, upplýsinga- og tæknimennt 40 - samþætt öðrum greinum eða kennd í lotu

Nemendur í 8.-10. bekk hafa 37 kennslustundir á stundaskrá sem skiptast þannig skv. aðalnámskrá eftir námsgreinum á mínútur á viku: íslenska 240, erlend tungumál 280, list og verkgreinar (sjónlistir, sviðslistir, tónmennt, hönnun, smíði, textílmennt og heimilisfræði) 120, náttúrugreinar (náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, umhverfismennt) 120, skólaíþróttir (íþróttir og sund) 120, samfélagsgreinar (samfélagsfræði, landafræði, saga, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, 160, stærðfræði 240, upplýsinga og tæknimennt 40 - samþætt öðrum greinum, heimilisfræði 40 - samþætt öðrum greinum - kennt í lotum, valgreinar 160.

Samþætting námsgreina, þemavinna og lotubundin námskeið á mismunandi tíma einkenna stundaskrár Grunnskólans á Hólmarvík. Þannig er til dæmis upplýsinga- og tæknimennt samþætt öðrum námsgreinum og samfélagsfræði kenndar með mismunandi lotubundnum áherslum.

Námsmat

Nemendur og foreldrar fá lykilorð að namfus.is þar sem þau geta fylgst með öllu því sem kennarar skrá um framfarir og stöðu nemendans.

Námsmat er liður í skipulagi kennslu og kennsluáætlaða. Skólaárið 2019-2020 verður haldið áfram að vinna með námsmatið. Megináhersla verður lögð á að horft verði á framfarir hvers og eins nemandar og að til grundvallar liggi gott safn af öruggum heimildum um framfarir hvers og eins. Í vetur verða viðmið um hlutfall kennsluhátta og námsmats unnin ítarlega. Sjá næsta kafla.

Yfirlit yfir fjölbreytt námsmat

- Nýtt námsmat útskýrt - hæfniviðmið og matsviðmið
 - Leiðsagnarmat
 - Sjálfsmat
 - Jafningjamat
 - og fleira
- Tímasett skema um matsform eftir árgöngum
- Lesferill tímasetningar
- Aðrar lestrarmælingar
- Samræmd próf

Viðmið um hlutfall kennsluhátta og námsmats

Starfsfólk Grunnskóla Hólmavíkur hefur sett sér það markmið að bjóða upp á framúrskarandi skólastarf og tryggja meðal annars að **fjölbreyttir kennsluhættir** og **námsmat** birtist með skýrum hætti í skólastarfinu. Kennarar hafa sett sér viðmið um hlutfall kennsluhátta og námsmats til að koma sem best til móts við fjölbreyttar þarfir nemendanna.

Kennsluaðferðir

Kennarar hafa einsett sér að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar. Kennsluaðferðir við Grunnskólann á Hólmavík teljast fjölbreyttar þegar aðferðir aðrar en bekkjarkennsluaðferðir eru markvisst notaðar 75% af náms og kennslutíma nemenda. Bekkjarkennsluaðferðir séu ekki notaðar í meira en 25% af náms og kennslutíma allra árganga.

Hér fyrir neðan er listi með hugmyndum að kennsluaðferðum, hann er ekki tæmandi og verður endurskoðaður reglulega.

Bekkjarkennsluaðferðir, bein kennsla

Bekkjarkennsluaðferðir (bein kennsla, útlistunarkennsla kennslubókarkennsla og umræðuaðferðir) eiga við þegar kennarinn stendur fyrir framan nemendahópinn og kynnir, útskýrir, sýnir myndband, heldur fyrirlestur, skrifar á töflu, tekur nemendur upp að töflu, stjórnar umræðum og fleira. Nemendur sitja í sætum sínum og fylgjast með, vinna í vinnubókum, vinna verkefni eða taka þátt í umræðum. Allir eru að fást við sömu viðfangsefni.

Innlifunaraðferðir:

Leikræn tjáning er samheiti yfir aðferðir sem byggja á því að nemendur sjái fyrir sér hluti, lifi sig inn í aðstæður eða setji sig í spor annarra. Þessar aðferðir byggja á því að nemendur tjái sig með myndrænum eða leikrænum hætti og lifi sig inn í líf fólks, til dæmis landnámsmanna.

Verkefni sem byggja á annarri listrænni úrvinnslu og sköpun falla einnig hér undir.
(Hlutverkaleikir (Role Play, Sagnalist))

Leitaraðferðir

Með leitaraðferðum er átt við aðferðir þar sem leitast er við að líkja eftir fræðilegum vinnubrögðum. Markmið er að virkja nemendur í að vinna vísindalega, afla upplýsinga í viðtölum, með vettvangsathugunum og náttúruskoðunum, tilraunum, heimildavinnu, greiningu á gögnum o.fl. Kennari leiðir kennsluna áfram með hliðsjón af því hver viðbrögð nemenda verða.

- Efniskönnun (Project-Based Learning)
- Heimildavinna (Resource Based Learning)
- Lausnaleytnám (Problem-Based Learning, skammstafað PBL)
- Phenomenon based learning
- Vefleiðangrar (WebQuest)
- Leitarnámsaðferðir (Inquiry)
- SOLE - Stórar spurningar.

Sjálfstæð skapandi verkefni

Með sjálfstæðum skapandi verkefnum (t.d. þemanám, söguaðferðin, landnámsaðferðin) er átt við þegar nemendur vinna upp á eigin spýtur (eða í hópum) að skapandi verkefnum sem þeir eiga verulegan þátt í að skapa og þróa. (Landnámsaðferðin (kennsluaðferðir Herdísar Egilsdóttur, Söguaðferðin (Storyline)).

Hópvinnuaðferðir:

Með hópvinnubrögðum er átt við þegar nemendum hefur verið skipt í hópa. Hóparnir vinna að hvers konar verkefnum sem kennarinn hefur skipulagt. Kennarinn fer á milli hópanna og aðstoðar eftir þörfum. Samvinnunám og markviss samvinna er mikilvæg aðferð við að ná fram árangri umfram væntingar (Púslaðferðin (Jigsaw, Samvinnunám (Cooperative Learning)).

Aðrir flokkar:

- Einstaklingskennsla / einstaklingsmiðað nám
- Fjölbreyttkennsla (Multilevel Instruction)
- Kennsluaðferðir í anda fjölgreindarkenningarinnar
- Kennsluaðferðir byggðar á niðurstöðum heilarannsóknna (Brain Based Instruction)

Námsmat

Samhliða viðmiðum um fjölbreyttar kennsluaðferðir hafa kennarar sett viðmið um fjölbreytt námsmat. Gengið er út frá að **leiðsagnarmat** sé almennt nýtt til þess að leggja mat á þau fjölbreyttu verkefni sem verða til með fjölbreyttum kennsluaðferðum enda er kennsla og námsmat órjúfanleg heild. Leiðsagnarmat á að stuðla að því að nemendur læri af áhuga og nám snúist ekki um ytri umbun eða samkeppni. Nemendur fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur í

eigin námi og beri mikilvæga ábyrgð. Samvinna er í fyrirrúmi á milli nemenda, foreldra og kennara.

Gert er ráð fyrir að námsmatið fari fram jafnt og þétt yfir allan veturinn og lítil áhersla sé lögð á lokamat. Miðað er við að að minnsta kosti 75% alls námsmats fari fram með fjölbreyttum aðferðum sem falla undir leiðsagnarmat - til einföldunar, aðferðum sem gera öllum nemendum kleift að ná markmiðum sínum með tímanum. Kennarar hafa sett sér að leggja sig fram um að byggja upp markvisst og fjölbreytt safn sönnunargagna um samfelldar framfarir á mörgum sviðum.

Lokamat verði ekki meira en 25% af því mati sem fram fer í skólanum.

Hér fyrir neðan eru skýringar á helstu hugtökum og aðferðum sem tengjast námsmati í Grunn og tónlistarskólans á Hólmavík. Listinn er ekki tæmandi og verður endurskoðaður ár hvert.

Lokamat

Verkefni og próf sem fela í sér fjölvalsspurningar, rétt eða rangt, spurningar og eyðufyllingar.

Kaflapróf, eyðufyllingar, skrifleg próf eða lokaverkefni af öðru tagi, skrifleg, munnleg eða verkleg. Matsaðferðir við lokamat byggjast á settum markmiðum en matið krefst jafnan einhvers konar hlutlægra mælinga sem felast í hefðbundnu námsmati eins og skriflegum prófum eða lokaverkefnum af öðru tagi, skriflegum, munnlegum eða verklegum.

Lokamat er fyrst og fremst notað til að gefa nemendum einkunnir og staðfesta hvort þeir hafi náð settum markmiðum sem námið beindist að, oft þekkingarmarkmiðum.

Nemendamöppur

Sýnismöppur, verkmöppur eða ferilmöppur þar sem verkum nemenda er safnað markvisst með það að meginmarkmiði að fylgjast með framförum nemenda. Nemendamöppur geta verið mappa í tölvu, vefsíða, blogg eða tímaritabox. Safnið er getur samanstaðið af verkum sem nemandinn velur, forsjáraðili eða kennari. Meginþráðurinn í safni nemandans er oftast skipulagt af kennara og ákveðin verkefni lögð fram til að fylgjast markvisst með framförum nemandans.

Víðtækt frammistöðumat

Víðtækt frammistöðumat getur verið öflugt leiðsagnarmat og mikilvægt þegar verið er að meta hvernig nemendur beita þekkingu sinni og leikni, sýna hvað þeir hafa raunverulega lært og að þeir geti sett það fram hugmyndir sínar og kunnáttu á mismunandi hátt.

Í frammistöðumati eru fjölbreytt verkefni mátuð við ákveðin viðmið - fyrirfram ákveðin og segja til um hvort og hversu vel nemandi hefur tekist til við verkefnið miðað við þau. Verkefnin geta bæði verið einstaklingsverkefni og hópverkefni, samræður, upplestur, kynningar, listaverk eða tilraunir með raunveruleg úrlausnarefni.

Uppskeruhátíðir

Sýningar, kynningar, gestakvöld, foreldrakvöld, hátíðir, ráðstefnur, málstofur, málþing. Meginatriði er að nemendur taki virkan þátt í að móta það sem í boði er. Hægt að meta með frammistöðumati.

Marklistar - sóknarkvarðar

Marklista má nota til sem grundvöll fyrir því að nemandinn sjálfur geti mátað sig sjálfur við skýr viðmið um stöðu sína. Einföld leið er að umorða hæfniviðmið á marklistum sem nemendur hafa til hliðsjónar og leggja jafnharðan mat á sína eigin getu. "Ég get túlkað, greint frá og lagt mat á..." og svo hengja nemendur við verkefnin sín - eða sönnun á því að viðkomandi viðmiði hafi verið náði. Góð leið til þess að kenna nemendum að leggja mat á sína eigin hæfileika.

Foreldraviðtöl sem nemendur stjórna (Student-led Conferences).

Regluleg aðkoma foreldra að námi barnanna sinna er bæði lýðræðisleg og nauðsynleg. Foreldrar eru sérfræðingar í að þekkja börnin sín og foreldraviðtöl sem nemendur stjórna eru skemmtileg tæki til þess að byggja upp jákvætt og nauðsynlegt samstarf nemenda, kennara og forsjáraðila.

Fleiri námsmatstæki

- Sjálfsmat margvíslegt
- Jafningjamat
- "Game based assessment"
- Atvikaskráningar
- Gátlistar og margt fleira.

Einstaklingsmiðað nám

Kennarar í Grunnskólans á Hólmavík hafa einnig einsett sér að skara fram úr við útfærslu einstaklingsmiðaðs náms. Fámennur skóli hefur þá sérstöðu að hafa árum saman kennt árgöngum saman og tekið mið af þörfum hvers og eins þó það hafi ekki verið formlega sett fram til þessa.

- Flestir eða allir nemendur setja sér áætlanir í samvinnu við kennara og forsjáraðila með markmiðum fyrir námslotu eða tímabil.
- Sama þema fyrir stærri hópa en viðfangsefnin eru mismunandi ýmist eftir áhuga eða getu.
- Námsaðferðir eru í takt við markmið hvers og eins nemanda og nemendur þekkja smán saman sinn námsstíl.
- Hópaskipting er fjölbreytt og áhersla lögð á samvinnu jafnt sem sjálfstæð vinnubrögð.
- Námsmat er einstaklingsmiðað og nemandinn er virkur þátttakandi í því.
- Sérstaklega er fylgst með framförum

Læsisstefna

Grunnskólinn á Hólmarvík og Leikskólinn Lækjarbrekka hafa gert með sér sameiginlega læsisstefnu. Hún er birt á heimasíðu skólanna. [Hér](#)

Endurskoða 2020-2021.

Heimanám eftir árgöngum

Heimalestur er fastur liður í heimanámi allra nemenda Grunnskóla Hólmarvíkur. Fyrir yngri nemendur er yfirleitt kvittað fyrir lesturinn en ábyrgð nemenda á heimalestrinum eykst eftir því sem nemendurnir eldast. Annað heimanám er yfirleitt í samráði við nemendur og þá er lögð áhersla á að vinna verkefni eða ljúka verkefnum sem ekki tekst að klára í skólanum.

Heimanám eldri nemenda sett upp á classroom.

Val nemenda í 8.–10. bekk

Nemendur í 8. til 10 bekk velja 4 tíma í frjálst val. Skólaárið 2019 til 2020 stendur valið um eftirfarandi greinar:

- Áhugasviðsval rannsóknarverkefni
- Félagsmiðstöðvarval, klúbbastarf og Ozonráð
- Íþróttaval í samstarfi við íþróttafélögin
- Leiklistarval í samstarfi við leikfélag
- Listaval, myndlist og smíði
- Útivistarval

Móttökuáætlun nýrra nemenda

Móttökuáætlanir eru endurskoðaðar reglulega. Móttökuáætlanir fyrir alla nemendur voru endurskoðaðar á skólaárinu 2017-2018. Þær eru geymdar á vefsíðu skólans og má sjá [hér](#). Móttökuáætlanir verða endurskoðaðar í heild sinni skólaárið 2020-2021.

Við sameiningu leik- og grunnskóla áramót 2019-2020 erður endurskoðun móttökuáætlunnar flýtt.

Endurskoða móttökuáætlanir og laga þær að sameinuðum skóla. Gera bilið milli skólastiga að engu.

Samstarf grunn- og framhaldsskóla

Umsjónarmaður dreifnáms kemur í skólann og kynnir dreifnámið fyrir nemendum í 8.-10. bekk. Grunnskólanemum er boðið í kennslustundir í dreifnámið og sameiginlega viðburði í dreifnámsveri. Dreifnemum hefur verið boðin þátttaka í viðburðum grunnskólanema svo sem uppsetningu á leikritum.

Umsjónarmaður kynnir dreifnámið fyrir nemendum 8.-10. bekkjar á haustönn.

Nemendum er boðið í dreifnámið á vorönn og þá einnig boðið að taka þátt í kennslustundum og kynningu fjölbrautaskólans á Sauðárkróki.

Samstarf leik og grunnskóla

Leikskólinn Lækjarbrekka og Grunnskólinn á Hólmavík vinna sameiginlega að því að brúa bilið milli skólanna með sameiginlegri móttökuáætlun grunnskólans fyrir nemendur úr leikskólanum. Nemendum í 1. bekk grunnskólans er boðið í heimsókn í leikskólann og leikskólanemendum er boðið í viðburði í grunnskólanum svo sem litlu jól og vordag og viðburði á vegum umhverfisnefndar og grænfánans.

Nemendaverndarráð beggja skólanna er sameiginlegt.

Sameiginlegur fræðsludagur leik- og grunnskólanna á Ströndum, Reykhólum og Búðardal á starfsdögum er á starfsdögum að hausti.

Sameinaður skóli - samræma þarf allar áætlanir og heimasíðu.

Sameining leik- og grunnskóla

Skipaður hefur verið starfshópur sem vinnur að sameiningu Leikskólans Lækjarbrekku og Grunnskólans á Hólmavík. Hópurinn hóf störf í ágúst 2019. Verkefnastjóri hópsins er Gunnþór Gunnþórsson en aðrir eru Guðfinna Hávarðardóttir formaður, Esther Ösp Valdimarsdóttir f.h. foreldra leikskóla, Alma Benjamínsdóttir leikskólastjóri, Eiríkur Valdimarsson f.h. foreldra grunnskóla og Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir skólastjóri.

Fjárhagsleg sameining átti sér stað um áramót. Sameina áætlanir og heimasíðu

Samstarf við tónlistarskóla

Tónskóli er í miklu og nánu samstarfi við grunnskólann, samnýtir húsnæði og skólastjóri er sameiginlegur. Haldnir eru tónleika í desember og maí þar sem nemendur koma fram. Nemendur taka einnig þátt í viðburðum grunnskólans til dæmis Litlu jólum og við uppsetningu leikrita. Kennarar grunn- og tónskóla eru þá í samstarfi um æfingar og sýningar.

Tónskóli tekur þátt í Frístund í 4. -5. bekk með því að annast skólakór á tím.

Tónskólinn

Tónskólagjald fyrir hverja önn kr. 29.250 er innheimt í tvennu lagi.

Systkinaafsláttur í Tónskóla:

2. barn 25% afsláttur
 3. barn 50% afsláttur
 4. barn eða fleiri 75% afsláttur
- Hljóðfæraleiga 5790 kr. á hvert hljóðfæri hverja önn

Tónskóli er hluti af sameinuðum skóla.

Nemendafélag

Viðfangsefni skólaársins 2019-2020 verður að útbúa sameiginlega starfsáætlun fyrir félagsmiðstöðina Ozon og nemendur Grunnskólans á Hólmavík og bera undir skólastjóra. Starfsáætlun verði framvegis lögð fram til endurskoðunar á hverju hausti og sem reglulegur hluti af starfsáætlun Grunnskólans á Hólmavík og félagsmiðstöðvarinnar Ozon. Endurskoða þarf lög nemendafélagsins og birta á heimasíðu skólans.

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Núgildandi starfsreglur Nemendafélags Grunnskólans á Hólmavík eru á vefsíðu skólans og verða uppfærðar þegar endurskoðun er lokið.

Starfsáætlun nemendafélags

Viðfangsefni skólaársins 2019 til 2020 verður að útbúa sameiginlega starfsáætlun fyrir félagsmiðstöðina Ozon og nemendur Grunnskóla Hólmavíkur og bera undir skólastjóra og tómsfundafulltrúa. Starfsáætlunin verði framvegis lögð fram til endurskoðunar á hverju hausti og sem reglulegur hluti af starfsáætlun Grunnskólans á Hólmavík og félagsmiðstöðvarinnar Ozon. Leggja þarf til við nemendafélagið að breyta grein nr. 7 í starfsreglunum þannig að hún kveði á um að sérstök starfsáætlun sé gerð. Eins þarf að endurskoða liði sem ekki passa við núverandi fjölda nemenda og stærð bekkjardeilda.

Eitt af verkefnum nemendafélagsins er að vinna umgengnisreglur með skólaliðum og umsjónarkennurum.

Taka þarf viðburði á vegum skólans inn í starfsáætlun s.s. ferðalög, starfskynningar, Stóru upplestrarkeppnina, og svo framvegis.

Ekki tókst að virkja nemendafélag á skólaárinu. Þarf að koma því á rétt ról í september 2020.

Foreldrafélag

Starfsáætlun

Á starfsárinu verður foreldrafélaginu falið að skrá hjá sér starfsáætlun til tveggja ára sem nýtist í starfi félagsins. Markmiðið verði að starfsáætlun foreldrafélagsins verði fastur liður. Stjórn félagsins skipar bekkjarfulltrúa og skipuleggur allt starf foreldrafélagsins.

Skólaárið 2019-2020 þarf að endurskoða lög foreldrafélagsins og birta á heimasíðu skólans.

Stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2019-2020

Ásdís Birna Árnadóttir
Guðríður Nanna Magnúsdóttir
Hlynur Gunnarsson
Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir
Íris Björg Guðbjartsdóttir

Stjórnin á eftir að skipta með sér eftirfarandi embættum

formaður
gjaldkeri
ritari
meðstjórnandi
meðstjórnandi

Fulltrúi foreldra í fræðslunefnd:
Björk Ingvarsdóttir

Fulltrúi foreldra í umhverfisnefnd:
Alma Benjamínsdóttir

Bekkarfulltrúar:
1.-3. bekkur
4.-6. bekkur
7.-10. bekkur

Netfang foreldrafélagsins er: foreldrafelag@strandabyggd.is.

Foreldrafélag heldur aðalfund í september. Vinna þarf að sameiningu foreldrafélaganna í leik- og grunnskóla. Mögulega þarf annan aðalfund til að samþykkja sameiningu. Þarf að vinna í september 2020.

Samskipti heimila og skóla, foreldraviðtöl, kynningarfundir

Foreldraviðtöl eru þrisvar á ári. Samskiptavikur verða í nóvember, febrúar og maí og foreldrar fá 20 mínútna tíma milli 14:30 -16:00.

Kynningarfundir bekkjardeilda eru í september. Þar er farið yfir skipulag kennslu í hverjum bekk, skimanir og próf sem eru lögð fyrir og áhersla lögð á lestur og læsi. Frístund er kynnt sömuleiðis sýn og stefna skólans, skólareglur og jákvæður agi.

Einn til tveir fræðslufundir fyrir foreldra á hverjum vetri á vegum skólans. Foreldrum er boðið til þáttöku í viðburðum skólans.

Bæta í starfsáætlun 2020-2021, almenn viðtöl á skólatíma

Forvarnir

Samskiptaáætlun, félagsleg staða nemenda

Stefnt er að því að útbúa áætlun þar sem metin er félagsleg staða nemenda og gerð áætlun um hvernig megi styrkja hana sé hún ekki nógu góð.

Þá verður unnin aðgerðaáætlun til að bæta samskiptin sé þeim ábótavant. Með þessu verður byggt undir veikleika og einblínt á styrkleika hvers og eins. Að sama skapi fer fram sjálfskoðun hvers kennara á eigin jákvæðum/neikvæðum samskiptum við nemendur.

Sérstakir fundir alls starfsfólks fara yfir félagslega stöðu og vinna aðgerðaáætlun. Þessir fundir eru þrisvar á vetri, dagsetningar þeirra eru í fundaráætlun.

Markmiðið með þessari vinnu er að það þurfi aldrei að virkja eineltisáætlunina.

Eineltisáætlun

Nemendaverndarráð þjónar hlutverki eineltisteymis og tekur eineltisáætlun til endurskoðunar annað hvert ár.

Eineltisáætlun má sjá í heild sinni [hér](#).

Nemendaverndarráð tekur eineltisáætlun til endurskoðunar 2020-2021

Þróun og starfsþróun

Þróunarverkefni

Strandabyggð hefur gert samning við Tröppu ehf um ráðgjöf og stuðning við framkvæmd lögbundinnar þjónustu við nemendur í Strandabyggð.

2018

Ljúka læsisstefnu og nýta niðurstöður í þágu hvers barns og á forsendum þess Formfesta gerð starfsáætlunar og endurskoðun helstu áætlana
Innleiðing fjölbreyttra einstaklingsmiðaðra kennsluhátta og leiðsagnarmat.
Stjórna skólanámskrárgerð og koma að innleiðingu
Grænfáninn og umhverfisvernd
Skóli án aðgreiningar

2018-2019

Ljúka gerð skólanámskrár og innleiðingu kennsluáætlana og námsvísa
Skóli án aðgreiningar
Hefja markvissa sjálfsmatsvinnu byggt á sjálfsmatsáætlun skólans.
Grænfáninn og umhverfisvernd

2019-2020

Ljúka gerð skólanámskrár, kennsluáætlana og námsvísa
Sprotaverkefni í stærðfræði - stærðfræði til framtíðar.
Sjálfsmatsvinna, innra mat og umbótaáætlun
Grænfáninn og umhverfisvernd
Skóli án aðgreiningar, einstaklingsmiðað nám

Grænfáninn - umhverfisstefna Grunnskólans á Hólmavík

Grunnskólinn á Hólmavík er skóli á grænni grein og flaggar Grænfánanum með stolti. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Grunnskólinn flaggar Grænfánanum nú í fjórða sinn.

Hægt er að lesa Umhverfissáttmála Grunnskólans á Hólmavík [með því að smella hér](#). Einnig er hægt að komast að því hverjir skipa Umhverfisnefnd skólans [með því að smella hér](#). Fréttir af verkefnum tengdum Grænfánanum skulu reglulega settar á heimasíðu eða á facebook- síðu skólans.

Mat á skólastarfi

Allir kennarar skólans eru í innra mats teymi skólans. Árið 2019 hefur starfsfólk skólans unnið að ítarlegri áætlun um mat á matsþættinum stjórnun - fagleg forysta ásamt því að setja markmið og ítarleg viðmið um gæði. Starfsmenn skólans hafa samþykkt gæðaviðmiðin sem verða lögð fyrir skólaráð nú í haust. Auk þess verða lagðir fyrir spurningalistar fyrir foreldra, kennara og nemendur og fjölbreyttum gögnum safnað. Í innra mats skýrslu sem unnin verður í lok almanaksársins verður farið ítarlega yfir þá vinnu.

[Langtíma áætlun um innra mat er að finna á heimasíðu skólans en hún gildir til ársins 2023 en þarf að endurskoða eigi síðar en 2022.](#)

Ekki tókst að ljúka öllum verkefnum innra mats og taka þarf það föstum tókum 2020-2021 og formfesta innra matið. Afla þarf gagna í matsþáttunum stjórnun og fagleg forysta og námog kennsla samkvæmt innra mats áætlun í október og vinna og kynna umbótaáætlun í upphafi árs 2021.

Starfsþróunaráætlun Grunnskólans á Hól mavík

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans og lögbundinni skyldu hans. Hinsvegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans hverju sinni.

Helstu áhersluþættir skólaárið 2019-2020 eru:

- Stærðfræði til framtíðar
- Jákvæður agi
- Fjölbreyttari kennsluhættir, námsmat og samvinna kennara.
- Samskipti
- Foreldrasamstarf

Form símenntunar

Símenntun kennara fer fram innan 102/150 tímana samkvæmt kjarasamningi kennara og getur. Símenntun annarra starfsmanna fer fyrst og fremst fram á starfstíma skólans.

Símenntun getur falist í:

- Námskeiðum fyrir kennara
- Ráðstefnum og fræðslufundum
- Jafningjafræðslu
- Lestur fagbóka og fagsíðna
- Áhorf myndbanda á netinu

- Formlegt framhaldsnám

Þörf á símenntun.

Ár hvert metur skólastjóri þörf á símenntun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólastjóri fylgist með að símenntun sé sinnt og heldur utan um þá símenntun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá þá símenntun sem þeir taka þátt í og skila til skólastjóra en gera grein fyrir sínum símenntunaráformum í starfsmannaviðtali. Kennarar halda utanum símenntun á þar til gerðu eyðublaði og upplýsa skólastjóra um framganginn. Símenntunar og starfsþróunaráætlun Grunnskólans á Hólmavík:

Haust 2019	September til desember	Janúar til apríl	Maí og júní	Sumar 2020
Námskeið um gerð námsvísa og kennsluáætlana.	Gerð námsvísa og kennsluáætlana.	Gerð námsvísa og kennsluáætlana.	Gerð námsvísa og kennsluáætlana	Kennarar sinna sínum námskeiðum.
Námskeið um jákvæðan aga.	Sprotaverkefni í stærðfræði	Sprotaverkefni í stærðfræði	Sprotaverkefni í stærðfræði	
Námskeið um jákvæð samskipti	Jákvæður agi	Jákvæður agi	Jákvæður agi	
Fræðsludagur	Skipulagsdagar	Skipulagsdagar	Fræðsluferð að vori	
Haustþing KSNV				

Covid 19 hafði þau áhrif í mars, apríl, maí að kennarar menntuðu sig af miklum krafti í upplýsingatækni og fjarkennslu umfram annað Fræðsluferð til Finnlands var frestað af sömu ástæðu.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun skóla byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni jafnréttisáætlunar grunnskólans.

Jafnréttisáætlun hefur verið gerð og birt á heimasíðu skólans [hér](#). Jafnréttisáætlun verður endurskoðuð 2022 næst.

Öryggisáætlun - Áætlun um öryggi og velferð barna

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands). Markmið laga og reglugerða um skólahald er meðal annars að tryggja að

nemendum líði vel. Mikilvægt er að þeir búi við öryggi og að gagnkvæmt traust ríki í skólasamfélaginu.

Vinna við áætlun um öryggi og velferð barna við Grunnskólann í Hólmavík mun byggja á handbók Menntamálaráðuneytisins sem má sjá [hér;https://mms.is/sites/mms.is/files/lokautgafa_oryggishandbok_grunnskola_agust2015_0.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/lokautgafa_oryggishandbok_grunnskola_agust2015_0.pdf)

Gerð öryggisáætlunar mun ljúka í september og þá verður hún kynnt og birt á heimasíðu skólans.

Ljúka þarf vinnu við öryggisáætlun 2020-2021. Áfram verður hægt að fylgjast með vinnunni og sjá handbók menntamálaráðuneytisins.

Stoðkerfi

Nemendaverndarráð Grunnskólans á Hólmavík

Hlutverk nemendaverndarráðs birtist í heild sinni á vefsíðu skólans [hér](#). Hlutverk nemendaverndarráðs verður endurskoðað í vetur. Uppfærðar breytingar munu birtast á vefsíðu skólans ekki seinna en í vor 2019.

Fundaáætlun nemendaverndarráðs

Nemendaverndarráð heldur fundi á tveggja vikna fresti á miðvikudögum klukkan 13:00-14:00.

Fundir nemendaverndarráðs veturinn 2019-2020 verða dagana: 12. september, 26. september, 10. október, 24. október, 7. nóvember, 21. nóvember, 5. desember, 9. janúar, 23. janúar, 6. febrúar, 20. febrúar, 13. mars, 27.mars, 10.apríl, 8. maí og 22. maí.

Aðgengi að skólaheilsugæslu

Skólastjóri og heilsugæsla vinna áætlun á yfirstandandi skólaári. Heildstætt yfirlit mun liggja fyrir á skólaárinu. Skólahjúkrunarfræðingur er Anna Guðlaugsdóttir.

Ekki tókst að setja fram heildstætt yfirlit en vinna þarf að því 2020-2021

Aðgengi nemenda að stoðþjónustu og sérkennslu

Hvað er sérkennsla?

Sérkennsla er það þegar nemendur fá sérstaka námsaðstoð í tilteknum námsgreinum eða almennt, um lengri eða skemmri tíma. Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennari metur hvaða form er heppilegast í hverju tilviki fyrir sig í samráði við umsjónarkennara. Enginn nemandi fær sérkennslu nema farið hafi verið yfir mál hans í nemendaverndarráði, í samráði við foreldra og með samþykki þeirra.

Fyrirkomulag sérkennslu

Sérkennsla er eitt af námstilboðum skólans til að mæta þörfum nemenda. Hún felur í sér breytingu á námsaðstæðum, námsefni, námsmarkmiðum og/eða kennsluaðferðum. Sérkennslan er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum viðkomandi nemanda og fer ýmist fram innan eða utan almennra bekkjardeilda. Við skipulag sérkennslu í skólanum er unnið eftir reglugerð um sérkennslu.

Í reglugerð um sérkennslu segir:

Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Í sérkennslu felst m.a.: Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahóp eða hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og á athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Tilgreind skulu langtíma- og skammtímamarkmið með kennslunni. Sérkennsla er veitt einstaklingum eða hópum. Hún getur verið bundin við afmarkaða þætti náms eða almenn námsaðstoð og byggist skipulag og inntak hennar á greiningu og mati á stöðu nemenda og þörfum þeirra. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári. Í sérkennslu fer reglulega fram mat á stöðu nemenda. Framhald sérkennslunnar er skipulagt í samræmi við niðurstöðu matsins. Talsverður sveigjanleiki er á fjölda nemenda í sérkennslu og fer það eftir þörf og áherslum hverju sinni. Þegar um er að ræða nemendur með miklar sérþarfir eru haldnir reglulegir fundir með þeim aðilum sem skipuleggja og vinna sameiginlega að námi nemanda. Einnig eru haldnir reglulega fundir með foreldrum/forráðamönnum.

Stuðningur

Börn með stuðning fylgja kennslu og námsefni bekkjar en geta þarfnast aðstoðar eða stuðnings bæði við nám og félagsleg. Skólanum er úthlutað ákv. tímafjölda ár hvert til að sinna sérkennslu. Hver fjöldi tímanna er ákvarðast af þörfinni hverju sinni. Þörfin fyrir fjölda sérkennslustunda er ávallt í endurskoðun.

Áhersla er á að styðja nemendur til náms og aukinnar félagsfærni. Einnig er áhersla á að styðja nemendur með sérþarfir til einstaklingsmiðaðs nám í sinni bekkjardeild.

Einnig er lögð áhersla á að styðja bráðgera nemendur sem sýna framúrskarandi hæfni í námi og/eða félagslegum aðstæðum.

Áhersla er á að aðstoða nemendur við að stunda nám á eigin forsendum í bekkjardeildunum, þannig að sérkennari eða stuðningsfulltrúi kemur til nemendanna en þeir eru ekki/minna teknir út. Þannig er minni aðgreining í skóla án aðgreiningar og hver og einn á rétt á að vera eins og hann er.

Umsjónarmaður sérkennslu

Af hálfu skólans er það skólastjóri og umsjónarmaður sérkennslu sem hefur í umboði skólastjóra umsjón með allri sérkennslu skólans. Umsjónarmaður metur sérkennsluþörf skólans annars vegar og hvers nemanda hins vegar í samráði við sérfræðinga og nemendaverndarráð. Hann skipuleggur sérkennsluna þannig að kennslan nýtist hverjum og einum sem best og að tímamagn skólans nýtist í heild sinni eins vel og kostur er. Skólastjóri er yfirmaður þeirra sem kunna að sinna sérkennslu eða stuðningi í skólanum hverju sinni. Umsjónarmaður sérkennslu sér einnig um dagleg samskipti við aðra sérfræðinga s.s. sálfræðing og talkennara. Hrafnhildur Þorsteinsdóttir hefur umsjón með sérkennslumálum skólans

Stoðþjónusta

Talþjálfun er veitt frá Tröppu þjálfun. Sálfræðingur skólans er Magnús Baldursson frá Þroska og hegðunarstöð. Skimanir eru gerðar af umsjónarmanni sérkennslu samkvæmt skimunaráætlun (sjá læsisstefna) og ef tilefni þykir til er málum vísað til skólasálfræðings og þaðan til Greiningastöðvar ef þörf þykir. Almenn skóla- og kennsluráðgjöf er veitt frá Tröppu ráðgjöf.

Áfallaráð - Áfallaáætlun

Áfallaráð verður sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann og frístundastarf á Hólmavík. Drög að áfallaáætlun liggja fyrir í Grunnskólanum á Hólmavík og verða þau nýtt til þess að fullvinna áfallaáætlun skólanna. Mikilvægt er að áfallaáætlun sé öllum kunn og liggja fyrir á vefsíðum skólanna beggja. Stefnt er að því þessi vinna komist í gagnid sem fyrst og verði lokið haust 2019 og verði undir stjórn skólastjóra Grunnskólans.

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun var unnin og hana má finna á [heimasíðu hér](#).

Hagnýtar upplýsingar

Námsgögn

Sveitarfélagið Strandabyggð greiðir fyrir helstu námsgögn fyrir nemendur grunnskólans. Foreldrar sjá nemendum fyrir búnaði og þá einkum fatnaði fyrir íþróttir, sund og útivist eftir aðstæðum.

Leiklist

Annað hvort ár er sett upp leikverk í fullri lengd eða styttri verk í samstarfi við Leikfélag Hólmavíkur. Árið 2019-2020 er samstarfsár.

Annað hvort ár er árshátíðarar en einnig er tekið þátt í Þjóðleik, verkefni Þjóðleikhússins þegar það er í gangi

Félagsmiðstöðin Ozon

Félagsmiðstöðin Ozon flutti starfsemi sína í Félagsheimilið haust 2017. Tómstundafulltrúi Strandabyggðar heldur utan um starfið ásamt Ozonráði sem er skipað nemendum. Starfið er ætlað börnum í 5.-10. bekk. Miðstöðin er vel tækjum búin, virkur þátttakandi í starfi Samfés og alltaf eitthvað að gerast.

Veturinn 2019-2020 er félagsmiðstöðin opin sem hér segir: Opið hús fyrir 5.-7. bekk klukkan 19:00-21:00 á þriðjudögum, opið hús fyrir 8.-10. bekk klukkan 20:00-22:00 á fimmtudögum og opið hús fyrir 5.-10. bekk á miðvikudögum klukkan 19:00-21:00.

Tilraunaverkefni til áramóta er opin félagsmiðstöð klukkan 14:30-16:00. Á þeim tíma er boðið upp á tómstunda og klúbbastarf. Klúbbastarf gildir sem valgrein í 7.-10. bekk Grunnskólans.

Forstöðumaður: Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Sími: 4513511 eða 696-7046

Netfang: tomstundafulltrui@strandabyggd.is

Hætt var við tilraunaverkefni um áramót vegna ónógrar þátttöku.

Matur og nesti

Hádegismatur

Öllum nemendum í Grunnskólanum á Hólmavík gefst kostur á að fá heitan mat í hádeginu. Nemendur snæða hádegisverð á Café Riis eða í skóla. Sjá [nánar](#). Skólastjóri sér um skráningu í mat.

Nesti

Nemendur taka með sér nesti og mælst er til þess að það sé hollt og að sykraðir drykkir séu geymdir heima.

Hafragrautur

Á hverjum degi býður skólinn upp á ókeypis hafragraut í fyrstu frímínútum.

Skólaakstur

Endurskoða þarf akstursáætlun og reglur um skólaakstur. Það verður gert á skólaárinu 2019-2020 og er þegar hafið. Sú vinna mun byggja á reglum Strandabyggðar um skólaakstur frá 2011.

Endurskoða þarf skólaaksturáætlun á hverju ári og setja á heimasíðu , haust 2020.

Frístund, samfelldur dagur barna í 1.-4. bekk

Haustið 2017 hófst tilraun með að bjóða nemendum í 1. til 4. bekk upp á samfelldan skólalag. Markmiðið er að skóla-, tómsunda-, og íþróttastarf fari fram á samfelldum tíma á skóladegi barna í 1.-4. bekk.

Skólastarf hefst kl. 8.30. Alltaf eru nokkrir nemendur sem mæta í skólann um eða eftir klukkan 8:00. Þeim býðst róleg stund inni, eða útivist á skólavelli.

Frístund hefst klukkan 13:30 eftir kennslu í grunnskólanum og lýkur 16:00 þá hafa nemendur val um ýmsar íþróttir, kórstarf eða tómsundastarf.

Nemendum í 5.- 10. bekk býðst þátttaka í tómsundastarfi eftir klukkan 14:30 og hafa þá val um íþróttir, tónlist, klúbbastarfsemi og fleira. Þrisvar í viku er félagsmiðstöðin Ozon með opið hús fyrir 5. - 10. bekk.

Skólatjóri og starfsmaður frístundar sjá um skráningu í frístund.

Frístund féll niður á tíma takmarkana vegna covid 19. Tókst vel og verður haldið áfram. Sveitarstjórn samþykkti gjaldfrjálsa frístund út skólaár 2019-2020 eða þangað til annað yrði ákveðið.

Leyfi, forföll, veikindi og gestanemendur

Veikindi

Öll veikindi ber að tilkynna strax að morgni í síma 451-3430 eða til skólastjóra í netfangið skólastjóri@strandabyggd.is. Foreldrar geta einnig skráð veikindi barna á namfus.is Veikindaforföll í íþróttum ber að tilkynna til skólans en ekki í íþróttamiðstöð. Foreldri eða forráðamaður skal tilkynna veikindi barna sinna.

Þurfi nemandi af heilsufarsástæðum að fá að vera inni í frímínútum skal foreldri/forráðamaður tilkynna það til umsjónarkennara. Foreldrar og forráðamenn skulu einnig tilkynna lengri veikindi þegar fyrrsjáanlegt er að nemandi mæti ekki í skólann í nokkra daga. Ekki er æskilegt að nemendur séu utandyra, á íþróttæfingum eða taki þátt í félagsstarfi sama dag og þeir hafa verið í veikindaleyfi.

Fari skólasókn nemenda niður fyrir 80% á hverjum tíma skal umsjónarkennari gera foreldrum og nemendaverndarráði viðvart. Nemendaverndarráð skal fjalla um slík mál og ákvarða um frekari aðgerðir í samráði við skólastjóra.

Leyfi

Öll leyfi styttri eða lengri ber að tilkynna til skólastjóra skólastjóri@strandabyggd.is eða með því að hringja í síma 451-3430. Athugið að foreldrum ber skylda til að sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann verður af í skóla vegna leyfisins.

Gestanemendur

Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda varðandi gestanemendur við Grunnskólann á Hólmavík:

- Best er, ef hægt er að óska eftir leyfi fyrir gestanemendur með nokkurra daga fyrirvara.
- Gestanemendur eru velkomnir.
- Sótt er um leyfi til skólastjóra með tölvupósti á netfangið skolestjori@strandabyggd.is. Forráðamenn sækja um þjónustu t.d. tómstundastarf eða mötuneyti og upplýsa um hver greiði fyrir þá þjónustu
- Gesturinn fylgir bekk en kemur með eigið námsefni eða viðfangsefni við hæfi og íþróttaföt eða sundföt fyrir íþróttatíma.
- Gesturinn fylgir skólareglum.
- Skólastjóri veitir leyfi og tilkynnir umsjónarkennara og öðrum kennurum.

Rýmingaráætlun skólans

Dagskrá brunaæfinga og rýmingaráætlun verður unnið í samráði við slökkviliðsstjóra á yfirstandandi skólaári.

Ekki varð af æfingum á rýmingaráætlun sem er [hér](#). Festa þarf æfingar ár 2020-2021 í samræmi við áætlunina

Óveður og ófærð.

Ef skólastarf fellur niður vegna óveðurs, ófærðar eða rafmagnsleysis er sent sms á foreldra í gegnum Námfús, sett inn tilkynning á vef skólans og Strandabyggðar og síðu Strandabyggðar á Facebook og eftir atvikum í Morgunútvarp Rásar 2 og fréttatíma útvarpsins eftir kl. 7.15. Allar mögulegar leiðir eru virkjaðar til að koma skilaboðum sem fyrst til foreldra.

Lögð er áhersla á að foreldrar meti sjálfir aðstæður þegar veður eða veðurútlit er vont eða líkur á ófærð. Þeir sem vilja halda börnum sínum heima, sé skóla ekki aflýst formlega, er velkomnið að gera það. Í þeim tilfellum er mikilvægt að tilkynnt sé um fjarveru nemandans til skólans svo ekki leiki vafi á því hvar hann er. Foreldrar á skólaakstursleið hafa samband við skólabílstjóra og láta vita af ákvörðun um að senda börn ekki í skóla eins snemma og auðið er.

Hvað varðar skólaakstur er það alfarið ákvörðun skólabílstjóra í samráði við skólastjóra og foreldra hvort akstur sé mögulegur hverju sinni. Ef aðstæður eru þess valdandi að akstur er talinn ótryggur eða skólastjóri og skólabílstjóri ákveða að senda börn heim vegna ótryggs veðurútlits eða ófærðar verður haft samband við heimilin og gerð grein fyrir ákvörðuninni og forsendum hennar.

Gera þarf áætlun um viðbrögð við óveðri og ófærð haust 2020. Þar má nýta reynslu starfsmanna skólans af fjarkennslu sem fékkst á tíma covid.

Vefsíða.

Á vefsíðu Grunnskólans á Hólmavík er að finna öll gögn er varða starfsemi skólans. Á vefsíðunni kemur fram hvenær viðkomandi liður var síðast endurskoðaður. Vefsíðan er í senn handbók foreldra, kennara og skólasamfélagsins alls.

Nauðsynlegt er að endurskoða heimasíðu grunn, tón- og leikskóla með tilliti til sameiningar skólanna og sameina áætlanir.

Lokaorð

Starfsáætlun Grunnskólans á Hólmavík er birt á vefsíðu skólans bæði í heild sinni og eftir viðfangsefnum. Á hverju vori er starfsáætlunin metin og gildir mat á starfsáætlun sem ársskýrsla skólans. Hvert haust er starfsáætlunin endurskoðuð og birt aftur í heild sinni en einstakir hlutar endurskoðaðir á vefsíðu.

Ágúst 2020

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir
skólastjóri